

*Fundur stjórnar foreldrafélagsins 7. október 2019*

**Mætt: Atli, Gunnar, Magnús, Alma. Edda, Daníel og Brynja.**

Allir hyggjast sitja áfram í stjórn foreldrafélagsins en Alma hættir sem formaður og Daníel tekur við.

Brynja og Daníel sitja áfram í SAMTAKA fyrir hönd stjórnar.

1. Undanfarið hefur foreldrafélagið gefið 1. bekkingum boli. Nú kom upp sú hugmynd að gefa frekar vatnsbrúsa. Álbrúsa sem heldur köldu, merktir með merki skólans og helst með nafni barns líka. Magnús ætlar að athuga verð á því fyrir okkur. Rætt um að kaupa þá núna fyrir alla nemendur skólans og halda svo áfram og gefa börnum sem eru að byrja í 1. bekk á hvert.
2. Almenn ánægja með endurnýjun álmunnar við skólann. Stefnt er að því að endurnýja D álmu næsta vor.
3. Umræða um öryggismyndavélar við skólann. Virðist vera sem þær séu ekki virkar allar. Ræðum við húsvörðinn um að þrýsta á að þessi mál séu í góðum farvegi.
4. Umræða um einhverskonar hraðahindranir, ljósaskilti sem sýnir hraða ökutækja við skólann. Broskall/fýlukall líkt og við KA/Lundarskóla. Okkur barst póstur með slíkum skiltum en við sendum hann áfram á hverfisnefndina.
5. Gjaldkeri fór yfir fjárhagsstöðu félagsins.
6. Ákveðið að halda aðalfund 15.okt og hittast þá fyrst með bekkjarráðunum. Brynja sendir auglýsingu og gengur frá kaffiveitingum við 10.bekk.

Ekki fleira rætt.

Ritari Edda.